

Fundargerð stjórnar Sprotasjóðs 17. apríl 2020.

Mætt voru á fjarfund í gegnum Teams: Björk Óttarsdóttir (BÓ), formaður stjórnar, Sonja Dögg Pálsdóttir (SDP) frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Svandís Ingimundardóttir frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga, Anna María Gunnarsdóttir (AMG) frá Kennarasambandi Íslands, Jón Torfi Jónasson (JTJ), skipaður af háskólastiginu og Dana Rán Jónsdóttir (DRJ) umsýsluaðili Sprotasjóðs.

Björk setti fundinn kl. 10:00 og Dana var fundarritari.

Auglýsing styrkja og útsending bréfa

Ráðherra er búinn að samþykkja úthlutun Sprotasjóðs. DRJ mun senda út bréf til umsóknaraðila með niðurstöðum úthlutunar ásamt því að búa til auglýsingu og setja inn á heimasíðu Sprotasjóðs þar sem greint verður frá niðurstöðum.

Viðbrögð við beiðnum um frestun skýrsluskila eða framlengingu verkefna á yfirstandandi skólaári vegna COVID-19

Stjórn Sprotasjóðs tók þá ákvörðun að umsýsluaðili hafi leyfi til þess að gefa frest á skilum á lokaskýrslum ef skólar óska sérstaklega eftir því vegna COVID-19.

Fyrsta hugarflæði áhersluatriða fyrir næsta tímabil

Möguleg áhersluatriði næstu úthlutunar voru rædd. Sú hugmynd kom upp að verkefni tengist áskorunum sem komu upp í skólunum vegna þessa breytta ástands sem hefur orðið vegna COVID-19. Hvernig er hægt að vinna með og þróa áfram það sem hefur komið vel út í skólakerfinu í þessum faraldri. Kanna skal hvort fleiri en eitt áhersluatriði eigi heima í tengslum við þetta. AMG mun eiga samtalið við vettvanginn og athuga hver skoðun kennara á þessu máli er og í framhaldi af því er hægt að móta þessa hugmynd betur að skólasamfélaginu. Umræða verður síðan tekin um þetta mál á næsta fundi Sprotasjóðs.

Önnur mál

Stjórn Sprotasjóðs ræddi þann möguleika að halda fleiri fundi í gegnum fjarfundarbúnað á næsta skólaári í tengslum við Sprotasjóð. Sú hugmynd kom upp að halda fjarfundi þegar um stutta fundi er að ræða en stjórn heldur áfram að hittast í eigin persónu þegar að lengri fundir eiga sér stað, en það á við um úthlutun og annað slíkt.

Áætlað er að opna næst fyrir umsóknir í Sprotasjóð í byrjun janúar 2021.

Varðandi samstillingu sjóða var ákveðið að bíða með þá vinnu þar til í haust. Næsti fundur Sprotasjóðs verður í haldinn í byrjun ágúst.

Fundi slitið kl. 10:35